



55. Körfuknattleiksþing | 25. mars 2023

Pingskjal nr. 18 – Pingsályktun

Breytingartillaga 18a

Pingsályktun – Reglugerð um aga- og úrskurðarnefnd

Körfuknattleiksþing 2023 samþykkir að beina því til stjórnar KKÍ að breyta þeim viðurlögum í úrvals- og 1. deildum karla og kvenna sem birtast í reglugerð aga- og úrskurðarnefndar. Þannig kæmu sektarákvæði almennt í stað áminninga og leikbanna, nema í þeim tilfellum þar sem aga- og úrskurðarnefnd myndi úrskurða minnst þriggja (3) leikja bann eða meira, en þar yrði leikbönum áfram beitt ásamt viðeigandi sektum. Umræddum breytingum skal vera lokið fyrir 30. maí 2023.

Nefndin muni jafnframt skoða að refsa þátttakendum sem fá margar tæknivillur á tímabili og eins að búa til refsikerfi fyrir mörg brot í einum leik.

Greinargerð:

Það þekkist víðast hvar í þeim löndum sem við berum okkur saman við að leikmenn og þjálfarar séu sektaðir fyrir vægari agaviðurlög í efstu deildum. Þannig færu leikmenn ekki í bann fyrir fyrir tvær tæknivillur, tvær óíþróttamannslegar villur eða eina tæknivillu og eina brottrekstrarvillu, eins og þekkist í dag. Í staðinn yrðu leikmenn sektaðir. Það sama myndi gilda um vægari brottrekstrarvillur skv. a), b) og c) liðum 13. gr. reglugerðar um aga- og úrskurðarmál. Áfram yrði leikbönum beitt þegar d) og f) liðir reglugerðarinnar eiga við.

Með þessum hætti munu leikmenn spila í stað þess að fara í leikbann fyrir stök eða endurtekin minniháttar brot. Sektarákvæði sem þessi væri hægt að setja inn í samninga leikmanna og þjálfara.

Stjórn KKÍ

Vísað til: Allsherjarnefndar Fjárhagsnefndar Laga- og leikreglnanefndar
Afgreitt: Samþykkt óbreytt Samþykkt með breytingum Felld